



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2530
komudagur 28.5.2004

2004050196
91

Seltjarnarnesi 21. maí 2004
SG/gh


Varðar frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna

Samkvæmt bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 14. maí sl. er óskað eftir umsögn Landlæknisembættisins um ofangreint frumvarp.

Eins og fram kemur í ágætri greinargerð flutningsmanna frumvarpsins er umskurður kvenna aldagamall siður sem ekki er bundinn ákveðnum trúarbrögðum. Þó fyrirbærið sé nefnt umskurður er hér í reynd um miklu alvarlegra mál að ræða og ber helst að líkja því við afskræmingu á kynfærum kvenna, sem lítið eða ekkert á skylt við umskurð við drengja. Aðgerð af þessu tagi mun vera stunduð í 28 Afríkulöndum þar sem tíðnin er allt frá 5 upp í 99%. Mjög lítið mun vera um aðgerðina í Asíu. Gert er ráð fyrir að u.þ.b. 100 milljónir kvenna í heiminum hafi undirgengist aðgerð af þessu tagi (*Toubia N. Female Circumcision as a Public Health Issue. New England Journal of Medicine 1994;331:712-716*). Ýmsar aðferðir eru notaðar við aðgerðina, sem allar eru hættulegar og líta má á umskurð kvenna af þessu tagi sem verulegt heilsufarsvandamál sem hefur í för með sér skammtíma og langtíma líkamleg og sálræn áhrif. Með vaxandi fjölda innflytjenda til Evrópu hefur borið meira á aðgerðinni þar. Málið hefur verið umræðu meðal margra vestrænna þjóða undanfarinn einn og hálfan áratug og segja má að Patricia Schroeder, þingmaður demókrata í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, hafi dregið saman skynsamleg viðhorf til þessa máls í ritstjórnargrein *New England Journal of Medicine* fyrir um 10 árum (*Schroeder P. Female Genital Mutilation – A Form of Child Abuse. New England Journal of Medicine 1994;331:739-740*). Aðgerð þessi er ódulið ofbeldi gagnvart konum og eitt af alvarlegri formum misnotkunar á börnum. Vissulega á aðgerðin sér djúpar samfélagslegar rætur en með tilliti til þeirra alvarlegu heilsufarslegu vandamála sem af þessum aðgerðum spretta er mjög nauðsynlegt að tekinn sé af allur vafi um þessi mál hér á landi áður en bera tekur á slíkum aðgerðum.

Því er þetta frumvarp mjög af hinu góða og leggur landlæknir til að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Hjál.:

- Toubia N. Female Circumcision as a Public Health Issue. *New England Journal of Medicine* 1994;331:712-716.
- Schroeder P. Female Genital Mutilation – A Form of Child Abuse. *New England Journal of Medicine* 1994;331:739-740.